

# Í kapp upp á þak

## (Race to the Roof)

Fyrir 2-4 þátttakendur frá 5-10 ára

### Innihald:

1 leikborð  
16 herbergjaspjöld  
20 happakort  
4 spilakeilur  
1 tenginur

### Markmið

Spilarar keppast um hver verður fyrstur með sína keilu frá útidyrnum og upp á þak.

### Undirbúningur

Byrjað er að losa spjöldin og kortin, og leikborðið sem er í tveimur hlutum er sett saman. Herbergjaspjöldin 16 eru lögð á þar til gerða reiti á leikborðinu. Röðin skiptir ekki máli og í hvert skipti sem spilað er kemur því ný útgáfa. Happakortunum er ruglað og þau sett í stokk á hvolf á borðið. Hver spilari velur sér keilu og setur hana við útidyrnar, þ.e. neðst til vinstri á borðinu. Sá sem er yngstur má hefja leikinn.

### Spilareglur

Sá sem á leik kastar teningnum og færir keiluna sína fram um jafn marga reiti og teningurinn segir til um. Síðan gerir næsti og svo koll af kolli. Sá sem fær 6 á teningnum verður að draga eitt kort efst úr stokknum og snúa við. Það sem er á myndinni má finna í einhverju herbergi hússins. Hluturinn getur verið smærri en á myndinni eða hálf falinn í einhverju herberginu. Ef til vill eru svipaðir hlutir í húsinu, en það sem er leitað að verður að vera nákvæmlega samskonar hlutur og á kortinu.

Þegar búið er að finna hlutinn (hinir spilararnir mega hjálpa til) er keilan flutt á rauða reitinn í viðkomandi herbergi. Stundum færist keilan um marga reiti fram, stundum örstutta leið og stundum til baka. Þegar þessu er lokið er kortið sett í kassann og er ekki notað aftur. Næsti á síðan leik.

Það getur komið fyrir að happakortin klárast áður en spilinu lýkur. Ef svo er þá er keilan færð fram um 6 reiti ef upp kemur 6 á teningi.

Það verður að komast upp á þak í nákvæmu kasti. Ef 4 reitir eru t.d. eftir upp þá verður að fá nákvæmlega fjóra á teninginn. Ef upp kemur 3 þá er hægt að fara fram um 3 reiti, en ef upp kemur 5 má ekkert gera, bara bíða þangað til maður á leik næst.

### Lok spilsins

Sá sem er fyrstur að komast upp á þak í nákvæmu kasti hefur unnið.

### Ábending fyrir hina fullorðnu

Það sem gerir þetta spil svo gott fyrir yngri börn er sú staðreynd að þau verða að leita að hlut sem er smærri en hluturinn á myndinni, en samt eins og hann. Hæfileikinn að finna samskonar hluti og greina smávægilegan mun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir að læra að lesa.